



Merki heilsueflandi skóla

Leikskóladeild Seyðisfjarðarskóla



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- Í hverju barni býr fjársjóður -

Handbók 2018-2019

Efnisyfirlit

I. Hagnýtar upplýsingar	4-14
Starfsfólk	4
Viðtalstímar, gjaldskrá	5
Fræðslunefnd, skólaráð og foreldrafélag.....	6-7
Dagskipulag, morgun– og hádegisverður.....	8-9
Aðlögun, veikindi, fjarvistir, leyfi.....	9-10
Svefn og hvíld og fleira hagnýtt	10-11
Starfsdagar, sumarleyfi, mikilvægar dags.....	11-14
Hefðir og siðir.....	13
II. Um námið	15-20
Markmið leikskólastarfs og stefna	15
Leikurinn	16
Útikennsla og grunnþættir menntunar	17
Foreldrasamstarf	18-19
Sérkennsla og stuðningur. Samskipti	19
Námsmat, og samstarf við deildir.....	20
III. Stoðkerfi skólans.....	21-24
Skólaskrifstofa, skipurit.....	21
Innra mat, forvarnir	22-23

Brunaæfingar

Reynt er að halda brunaæfingar fyrir starfsfólk reglulega í samráði við slökkviliðsstjóra og er þá stuðst við rýmingaráætlun leikskóladeildar sem sýnileg er á heimasíðu.

Heilsueflandi skóli


Skólaárið 2011-2012 gerðist Seyðisfjarðarskóli þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi skóli. Í því felst að taka til greiningar og skoðunar, ásamt því að gera úrbætur, eftirfarandi þætti innan deildanna: Mataræði/tannheilsu, lífsleikni, geðrækt, heimili, nemendur, hreyfingu og öryggi, nærsamfélag og starfsfólk. Undanfarin ár höfum við unnið með mataræði/tannheilsu og hreyfingu og öryggi. Í ár verður unnið með starfsmenn skólans.

Velferð barna og farsæl námsframvinda byggist ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinna og gæti hagsmuna þeirra í hvívetna, eigi gott samstarf við leikskóladeildina, veiti viðeigandi upplýsingar og taki þátt í námi barna sinna og foreldrarstarfi frá upphafi.

Jákvæð samskipti heimila og skóla er lykilatriði ef börnin eiga að njóta sín sem best

Skólaheilsugæsla

Mikilvægt er að náin samvinna sé milli foreldra, kennara og skólahjúkrunarfræðings. Skólahjúkrunarfræðingur er Lukka Sigríður Gissurardóttir, lukka@hsa.is
Skólahjúkrunarfræðingur kemur í leikskóladeild og framkvæmir 2½ árs og 4 ára skoðun í samstarfi við foreldra.



Innra mat

Samkvæmt aðalnámskrá leikskóla ber hverjum skóla að framkvæma eigið innra mat og skal það vera fléttað saman við daglegt starf og ná til allra þátta skólastarfsins, s.s. stjórnunar, kennslu, námskrafna, námsmats og samskipta innan og utan kennslustofunnar. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem við á.

Olweusaráætlunin

Seyðisfjarðarskóli er Olweusarskóli og starfar eftir Olweusaráætluninni gegn einelti og andfélagslegu atferli. Áætlunin gerir ráð fyrir öflugum samstarfi skólans og heimilanna, með skipulögðum fundum og viðburðum sem eiga sér stað jafnt og þétt yfir veturinn. Mikilvægt er að allir taki þátt svo verkefnið skili tilætluðum árangri.

Kannanir sem gerðar hafa verið sýna að dregið hefur verulega úr einelti í þeim skólum sem tekið hafa upp áætlunina hér á landi. Olweusarkerfið gerir ráð fyrir að hinir fullorðnu taki ábyrgð og sýni skýra afstöðu gegn einelti. Eins og oft hefur komið fram er mikið í húfi því einelti getur, hvort sem er í skóla eða á vinnustað, sett varanlegt mark sitt á líf einstaklinga. Eineltisáætlun Seyðisfjarðarskóla er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Eftirfarandi reglur eru hafðar að leiðarljósi:

1. Við leggjum ekki aðra í einelti.
2. Við reynum að aðstoða þá sem lagðir eru í einelti.
3. Við eigum líka að vera með þeim sem oft eru einir.
4. Við segjum fullorðnum frá eineltinu.

Einelti

Einelti getur átt sér stað hvar sem er í samfélaginu og þar er leikskóladeildin engin undantekning. Um einelti er að ræða þegar einhver er tekinn fyrir, andlega eða líkamlega, endurtekið í lengri tíma af einum eða fleiri. Mjög mikilvægt er að hafa í huga að það er ekki talið einelti þegar tveir jafningjar takast á. Það telst til eineltis þegar annar aðilinn er veikari en hinn og getur ekki komið vörnum við.

Einkenni sem ekki eru sýnileg geta verið að barnið sé vansælt, vinalaust, aldrei eða sjaldan boðið í afmæli, vilji komast hjá því að fara í skólann. Í vetur verður skoðað með hvaða hætti best er að útfæra eineltisáætlun leikskóladeildarinnar og samræma í ljósi sameiningar leik- og grunnskóla.

Verum vakandi og ábyrg fyrir líðan barna okkar - látum vita!

Leiðbeinum

Verum góðar fyrirmyndir.

Forvarnir

Stefna Seyðisfjarðarskóla í forvörnum er að stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum og jákvæðri lífssýn nemenda sinna og vinna gegn sjálfshamlandi hegðun. Þessari stefnu vinnur stjórn skólans að í samstarfi við kennara og starfsfólk, skólahjúkrunarfræðing og forvarnarfulltrúa Seyðisfjarðarkaupstaðar. Mikilvægt er að hafa í huga að forvarnarstarf hefst þegar á leikskólaaldri barna og er eitt af hlutverkum leikskólans.

Kæru forráðamenn

Börnin ykkar eru það dýrmætasta sem til er og tengsl ykkar og okkar við þau, sérstaklega fyrstu þrjú ár ævi þeirra eru mikilvægur grunnur sem þau búa að út lífið. Á komandi skólaári, líkt og fyrr ætlum við að rækta þessi tengsl og tengslin við ykkur eins vel og við getum. Það gerum við með því sem við gerum og segjum og gagnkvæmu samtali. Með starfinu í skólanum og með umhyggjunni fyrir nemendum og foreldrum sem er samofin því starfi.

Í leikskólanum æfum við börnin í mörgu sem byggir þau upp. Til dæmis; jákvæðum samskiptum, hreyfingu, hollustu, hugrekki og lærdómsgleði, gagnrýnni hugsun, allskonar siðum og venjum. Þau máta ýmiss hlutverk, setja sig í spor annarra, iðka, leika sér, dansa, bulla, hlusta, hlæja og ekki síst, gera mistök, sigra og tapa. Allt þetta og meira til.

Um stefnu leikskóladeildar og skólans alls:

Í öllu skólastarfi Seyðisfjarðarskóla er stefnt að því að:

Nám og velferð nemenda sé höfuðmarkmið með öllu skólastarfi því að nemendur eru í öndvegi í skólastarfinu.

Nám nemenda einkennist af þátttöku þeirra, ábyrgð, sköpun, jafnrétti og sjálfbærni.

Virkja áhuga nemenda til náms með krefjandi og fjölbreyttum viðfangsefnum við hæfi.

Nemendur geti unnið sjálfstætt og í samvinnu við aðra.

Unnið sé af metnaði og stefnt á framúrskarandi árangur en ekki á kostnað gleðinnar og samhygðarinnar.

Kæru foreldrar, við hlökkum til vetrarins með gullmolunum ykkar, það er okkar sameiginlega verkefni að hlúa að þeim til menntunar og þroska.

Kær kveðja

Starfsfólk leikskóladeildar Seyðisfjarðarskóla

Í þessu handhæga hefti er að finna nokkuð magn upplýsingar um leikskóladeild Seyðisfjarðarskóla, enn fleiri upplýsingar er að finna á heimasíðunni og á Mentor.

I. Hagnýtar upplýsingar

Starfsfólk Seyðisfjarðarskóla, leikskóladeildar sept. 2018:

Skólastjóri	Svandís Egilsdóttir	771-7217	svandis@skolar.sfk.is
Aðst.leikskólastj.	Ásta Guðrún Birgisdóttir	857-0760	asta@skolar.sfk.is

Kennarar:

Álfhóll

Deildastjóri:	Kolbrún Lára Vilhelmsdóttir	klara@skolar.sfk.is
	Snædis Róbertsdóttir,	
	Margrét Inga Guðmundsdóttir	

Vinaminni

Deildastjóri:	Agústa Berg Sveinsdóttir	agusta@skolar.sfk.is
	Anna Guðbjörg Sigmarsdóttir	
	Ísold Gná Ingvadóttir	

Dvergasteini

Deildastjóri:	Bryndís Skúladóttir	bryndis@skolar.sfk.is
	Elena Pétursdóttir	
	Gabriel Kristjónsson	

Sérkennari

Móttökueldhús	Ólafía Þórunn Stefánsdóttir	olafia@skolar.sfk.is
Afleysing v/ undirb:	Alina Nawrocka	
Ræsting	Charuwan Rongmalee Birgisson	
	Renata Chrascin	

Skólahúsnaði

Leikskóli,	470-2330
Aðstoðarleikskólastjóri	470-2331
Undirbúningsherbergi	470-2332
Deildir	472-1350
Skrifstofa	470-2321



III. Stoðkerfi skólans

Öllum er okkur umhugað um að öryggi barnanna okkar sé sem mest hvort sem er í skóla eða annars staðar. Mikilvægt er að foreldrar ræði öryggismál við börn sín og brýni fyrir þeim að varast hættur.

Skólaskrifstofa og önnur sérfræðipjónusta


Skólaskrifstofa Austurlands annast flest alla sérfræðipjónustu fyrir grunnskólana í fjórðungnum. Við skrifstofuna starfa sálfræðingar, kennsluráðgjafi og talmeinafræðingur, sem annast greiningu á námsvanda nemenda og ráðgjöf þar að lútandi.

Foreldrar snúa sér til deildastjóra eða sérkennara ef þeir óska eftir sérfræðiaðstoð fyrir barn sitt. Skólinn sendir þá tilvísun þar um til Skólaskrifstofunnar. Umsjónarkennari eða sérkennari hefur síðan samband við foreldra þegar sérfræðingar koma í skólann.

Jarþrúður Ólafsdóttir, kennsluráðgjafi, Steinunn Ásta Lárusdóttir, sálfræðingur og Halldóra Baldursdóttir, talmeinafræðingur munu þjónusta Seyðisfjarðarskóla í vetur.

Skipurit Seyðisfjarðarskóla samþykkt júní 2016

Samkvæmt skipuriti sem samþykkt var af bæjarstjórn í júní 2016 skiptist Seyðisfjarðarskóli nú í fjórar deildir. Leikskóladeild, grunnskóladeild, listadeild og stoðdeild. Í vetur munu leikskóladeild og grunnskóladeild starfa að mestu líkt og foreldrar og nemendur þekkja frá fyrra skipulagi en listadeild mun verða mótuð til að ná utanum starfið í tónlistaskólanum ásamt kennslu í öðrum listgreinum í samstarfi við Skaftfell og aðra þá sem koma að fjölbreyttri listgreinakennslu. Fjórða deildin, stoðdeild, nær til þess stuðningskerfis sem nauðsynlegt er öllu skólastarfi svo sem skólahjúkrun, sérkennslu, húsvörslu og annars stuðnings. Yfir leikskóladeild er ásamt skólastjóra, aðstoðarleikskólastjóri Ásta Guðrún Birgisdóttir



Námsmat

Mat á árangri og framförum barna og ungmenna er reglubundinn þáttur í leikskólastarfinu. Almenn þroskamati fer fram einu sinni á ári og foreldrasamtal í kjölfarið.

Börn á fimmta aldursári fara öll í mat á hljóðkerfisvitund, Hljóm-2. Börn á þriðja aldurári fara öll í málþroskaskimun, Efi-2 og er það hluti af átaki sem skólar á Austurlandi taka þátt í, átakið nefnist "Bættur námsárangur" og miðar að snemmtækri iðlutun ef merki eru um málþroskaerfiðleika hjá börnunum.

Sé ástæða til nánara mats er stuðst við fleiri próf og skráningar í leikskólanum. Í samráði við foreldra er leitað eftir frekara mati frá skólaskrifstofu Austurlands ef þörf krefur.

Brúum bilið - samstarf við grunnskóladeild

Um árabíl hefur verið gott samstarf milli grunn- og leikskóla á Seyðisfirði um undirbúning leikskólabarna fyrir skólagöngu. Markmiðið með samstarfi skólanna hefur m.a. verið:

- að skapa samfellu í námi barna/nemenda á þessum tveimur skólastigum.
- að byggja upp gagnkvæman skilning og þekkingu milli skólastiganna.
- að stuðla að öryggi og vellíðan barna við að fara af einu stigi á annað.
- að vinna saman að verkefnum sem hæfa nemendum á þessum aldri.
- að gera börnin læs á skólaumhverfið í fylgd leikskólakennara.

Í sameinuðum skóla er gert ráð fyrir að deildirnar þrói samstarf sitt. Samstarf okkar felst m.a. í gagnkvæmum nemendaskiptum og á hverju skólaári eru tilteknir dagar valdir fyrir þessi nemendaskipti. Nemendur leikskólans koma þá í fylgd leikskólakennara í bóklega tíma í skóla og íþróttir í íþróttahúsi. Nemendur leikskólans taka þátt í löngu frímínútum áður en þeir fara aftur í leikskólann þá daga sem þeir eu í heimsókn.

Suma daga fara nemendur í bekkjar grunnskóladeildar yfir í leikskóladeild í fylgd starfsmanns. Þá taka nemendur leikskóladeildar þátt í skólaskemmtun grunnskóladeildarinnar. Einnig fara þau í heimsókn í Skólasel og taka þátt í Olweusardeggi. Þá fara leikskólalabörn með í vorferðalag og eru með í vinnu á vordögum. Dagskrá um nemendaskipti verður send heim til foreldra yngstu barnanna þegar hún verður tilbúin. Á komandi vetri verður þessi samvinna í þróun eins og fleira í sameinuðum Seyðisfjarðarskóla. Deildirnar þrjár, leikskóla-, grunnskóla- og listadeild munu ræða saman um hvernig best sé að hafa tengslin þeirra á milli.

Samstarf við listadeild

Gott samstarf er milli deilda innan Seyðisfjarðarskóla. Eldri börnum í leikskóladeild stendur til boða að stunda nám í listadeild meðan á leikskóladvöl stendur. Það er að segja æfa tónlist á vistunartíma. Mótun samstarfsins við listadeildina verður viðfangsefni í vetur.

Verum minnug þess að börnin eru okkar dýrmætasti auður. Með uppeldi þeirra er byggð undirstaðan fyrir framtíðina.

Viðtalstímar

Foreldrar eru hvattir til að hafa samband sem oftast því stutt símtal milli heimilis og skóla getur leiðrétt misskilning og haft góð áhrif á nám barnsins.

Viðtalstímar kennara eru sem hér segir:

Svandís	miðvikudaga	08.00 - 08.40
Ásta Guðrún	fimmtudaga	08.00 - 09.00
Kolbrún Lára	mánudaga	09:00 - 10:00
Ágústa	miðvikudaga	09:00 - 10:00
Bryndís	þriðjudaga	09.00 - 10.00
Ólafía	þriðjudaga	09.00 - 09.30

Gjaldskrá 2018

	Pr. mán,
Dvalargjald 1 klst.	3.210
Dvalargjald 1 klst. forgangsgjald	2.290
Dvalargjald 4 klst.	12.835
Dvalargjald 4 klst. forgangur	9.165
Dvalargjald 6 klst.	19.250
Dvalargjald 6 klst. forgangur .	13.750
Dvalargjald 7 klst.	22.460
Dvalargjald 7 klst. forgangur	16.045
Dvalargjald 8 klst.	25.665
Dvalargjald 8 klst. forgangur	18.335

Morgunhressing	2.430
Ávaxtahressing	798
Síðdegishressing	2.430
Hádegismatur	5.460

Aukakortir fyrir/eftir dvalartíma	960
Gjald ef barn er sótt of seint	Pr. skipti 675

Afsláttur af dvalargjaldi v/2. barns	60%
Afsláttur af dvalargjaldi v/3. barns	80%

Samþykkt í bæjarstjórn Seyðisfjarðar 13. des. 2017
Ath. Ný gjaldskrá tekur gildi 1. jan. 2019.

Heimasíða Seyðisfjarðarskóla:
<https://seydisfjardarskoli.sfk.is/is>

Fræðslunefnd

Ragnhildur Billa Árnadóttir, formaður
 Bára Mjöll Jónsdóttir, varaformaður
 Gunnar Sveinn Rúnarsson
 Jóhanna Magnúsdóttir
 Ingvar Jóhannsson
 Fulltrúi kennara, Ágústa Berg Sveinsdóttir
 Varamaður kennar, Anna Guðbjörg Sigmarsdóttir
 Fulltrúi foreldra, Sigurveig Gísladóttir

Skólaráð 2017-2019

Svandís Egilsdóttir, skólastjóri.
 Þorkell Helgason, fulltrúi kennara, grunnskólad. varamaður Þórunn Eymundardóttir.
 Ólafía Stefánsdóttir, fulltrúi kennara leikskólad. vararmaður Ágústa Berg Sveinsdóttir.
 Sólrún Friðbergasd., fulltrúi annarra starfsm. grunnskólad. varamaður, Bjarnheiður Jónsdóttir.
 Fulltrúi foreldra grsk. Elva Ásgeirsdóttir, varamaður Tinna Guðmundsdóttir.
 Fulltrúi foreldra leiksk. Oddný Björk Daniélsdóttir, varamaður Guðný Lára Guðrúnardóttir.
 Sonja Del Carmen Stefánsson, fulltrúi grendarsamfél. varamaður Beata S. Kizewzka.
 Gunnar Einarsson fulltrúi nemenda, varamaður Jóna Mist Márusdóttir.

Helstu verkefni skólaráðs (foreldraráðs)

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla skal vera starfandi foreldraráð í hverjum leikskóla. Foreldraráð gefur umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans, svo sem skóladagatal. Þá veitir foreldraráð umsagnir um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfinu. Veturinn 2017-2018 tekur til starfa sameiginlegt skólaráð leik- og grunnskóladeildar Seyðisfjarðarskóla.

Foreldrafélag Sólvallda

Helga Rós Magnúsdóttir	478-2567
Sandra Guðmundsdóttir	472-1635
Örvar Jóhannsson	472-1635
Zanda Kruze	472-1790

Tengiliður kennara við foreldrafélagið

Tengiliður kennara tengir saman foreldrafélag Sólvallda og kennara skólans. Tengiliður situr fundi með foreldrafélaginu ef þess er óskað. Anna Guðbjörg er tengiliður kennara í vetur.

Foreldraheimsóknir í leikskólann:

Foreldrum er boðið í heimsókn nokkrum sinnum yfir skólaárið. Þessir dagar eru sérstaklega merktir á skóladagatalinu okkar. Heimsóknardagarnir eru

19. sept. Ömmu og afaheimsókn

16. nóv. Dagur ísl. tungu og Lubbadagurinn?

Foreldrakaffi—dags. auglýst síðar.

27. júní, Sólvallahátíð (færast til eftir veðri) Útskrift elstu nem.

Dagskrá þessarra daga verður auglýst sérstaklega.

- Endilega skráðu þessa daga hjá þér!

Foreldrasamtöl

Deildarstjórar framkvæma almennt þroskamat á börnunum. Þá skipuleggja þeir einstaklingsviðtöl í kjölfarið þar sem skipst er á upplýsingum um viðkomandi barn. Þau fara fram í okt. og jan. Mikilvægt er að foreldri/foreldrar mæti til samtalsins eða að fundinn sé hentugur tími.

Sérkennsla og stuðningstímar í námi

Seyðisfjarðarskóli er skóli án aðgreiningar með þjónustu fyrir alla nemendur sína bæði fatlaða og ófatlaða. Jafnrétti til náms eru almennt mannréttindi og er það hlutverk skólans að stuðla að alhliða þroska og menntun allra nemenda svo hver og einn fái kennslu við sitt hæfi.

Sérkennsla og/eða námsstuðningur er ein af þeim leiðum sem skólinn býður upp á til að koma til móts við mismunandi þarfir/getu hvers og eins nemanda sem þarf á stuðningi að halda í lengri eða skemmri tíma.

Í vetur sér Ólafía Stefánsdóttir, sérkennari um sérkennslu og eru foreldrar hvattir til að hafa samband við hana ef einhverjar spurningar vakna hjá þeim varðandi sérkennslu.

Samskipti

Gagnkvæmur trúnaður og eðlileg samskipti eru forsenda þess að barninu líði vel. Því er mikilvægt að forráðamenn láti starfsfólk vita ef breytingar verða á högum barnsins. **Starfsfólk er bundið þagnarskyldu og getur aldrei rætt einstök mál við aðra en hlutaðeigandi.**

Ef upp kemur ósætti eða ágreiningur við kennara um umönnun barns geta forráðamenn haft samband við deildarstjóra/aðstoðarskólastjóra eða skólastjóra. Ef ósætti snertir stjórnendur skólans er málinu best komið í farveg til foreldraráðs og þaðan til fræðslunefndar Seyðisfjarðarkaupstaðar eða Skólaskrifstofu Austurlands.

Foreldrasamstarf

Í 9.gr. laga um leikskóla frá 2008 er umfjöllun um foreldra og hlutverk þeirra í leikskólastarfinu. Þar er kveðið á um að foreldrar skulu gæta hagsmuna barna sinna, hafa náð samráð við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngunni. Foreldrar eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna.

Foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál eiga rétt á að fá túlkun á upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna samskipta foreldra og skóla.

Leikskólastjóri skal stuðla að samstarfi milli foreldra og starfsfólks með velferð barna að markmiði.

Markmið með foreldrasamstarfi leikskóladeildar byggja á þessum lögum.

Hlutverk foreldra í aðlögun

Foreldrar koma án barns í fyrsta viðtal. Það auðveldar kynni foreldra og starfsfólks. Góður tími gefst til að fá nánar upplýsingar um barnið og kynna ýtarlega fyrir foreldrum starfssemi og aðstöðu. Í þessu fyrsta viðtali gefa foreldrar deildarstjóra heildarmynd af þroska barnsins og allar nauðsynlegar upplýsingar sem varða velferð þess.

Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki í aðlögun barnsins, nærvera þeirra eykur öryggistilfinningu þess og auðveldar því að aðlagast hinu nýja umhverfi.

Foreldrafundir

Foreldrafundur eru einu sinni á ári. Fundurinn er haldinn í upphafi skólaársins og þar fer fram kynning á starfi leikskóladeildarinnar og ársáætlunum.



Helstu verkefni foreldrafélags

Foreldrafélagið var stofnað 1982. Foreldrafélagið sinnir margvíslegum verkefnum til gagns og gamans fyrir börn, foreldra og starfsfólk leikskóladeildar. Í stjórn félagsins sitja 4 foreldrar. Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn að hausti og er þá kosið í stjórn til tveggja ára í senn.

Allir foreldrar eru sjálfkrafa í foreldrafélaginu. Hver fjölskylda greiðir kr. 300 á mánuði óháð því hvort börnin eru eitt eða fleiri. Félagsgjaldið er notað til að greiða kostnað vegna sveitarferðar, Sólvallahátíðar og annarra slíkra atburða. Í samhengi við sameiningu skólastiganna í einn skóla ætlar foreldrafélagið að endurskoða markmið sín og stefnu í vetur.

Verkefnaskrá foreldrafélagsins hingað til:

- Leikhúsheimsókn
- Páskaeggjaleit
- Jólasveinaútgerð
- Gjafir til að bæta faglegt starf
- Sveitaferð



Þegar komið er með barnið í skólann eða nauðsynlegt viðkomandi deild sé látinn vita.

er með barn í það er sótt, er að_starfsmaður á

Mikilvægt er að foreldrar gefi sér tíma með barninu þegar komið er í skólann og staldri við meðan tekið er á móti því. Það er ekki síður mikilvægt í lok dags að gefa barninu tíma til að hætta leiknum, hjálpa til við að ganga frá leikföngum og kveðja. Til að svo megi verða, þurfa foreldrar að ætla sér tíma til þess. Sá tími fellur innan ramma dvalartímans.

Ef systkini eða aðrir en foreldrar koma að sækja barnið er nauðsynlegt að láta starfsfólk viðkomandi deildar vita áður en sótt er. Slíkt er alfarið á ábyrgð foreldra.

Dagskipulag Álfhóll

Leikskóladeild opnar

07.45-09.30	Róleg stund
08.15-08.45	Morgunverður
08.45-09.30	Samverustund/ávextir
09.30-10.30	Útivera/hópstundir
10.45-11.30	Hádegismatur
11.30-13.00	Hvöld
13.00-14.00	Róleg stund/frjáls leikur
14.00-14.30	Nónhressing
14.30-16.15	Frjáls leikur

Leikskóladeild lokar.

Vinaminni:

Leikskóladeild opnar

07.45-09.15	Val, Róleg stund
08.15-08.45	Morgunverður
10.20-10.35	Hópar, útivera, val, Frjáls leikur
10.35-11.10	Samverustund
10.45-13.00	Hádegismatur, hvöld
13.00-14.30	Útivera, Frjáls leikur, Val
14.30-15.00	Nónhressing
15.00-16.15	Útivera/frjáls leikur

Leikskóladeild lokar.

Dvergasteinn:

Leikskóladeild opnar

07.45-10.00	Valtími
08.15-08.45	Morgunverður
10.00-10.30	Ávaxtatími og samverustund
10.30-11.15	Útivist/hringekja/hópastarf
11.15-12.00	Hádegismatur
12.00-12.45	Lestur, verkefnastundir, róleg stund
12.45-14.30	útivist, gönguferðir
14.30-15.00	Nónhressing
15.00-16.15	Valtími, útivist

Leikskóladeild lokar.



Útikennsla

Búið er að koma upp útikennslustofu uppi við Dagmálalæk og átti foreldrafélagið frumkvæði að því í samvinnu við kennara skólans. Útikennslustofan hefur nokkuð verið nýtt en auk þess hafa kennarar töluvert gert af því að fara með nemendur út til náms og leikja, í gönguferðir og berjamó og ætla að nýta sér frábært umhverfi staðarins frekar í skólastarfinu.

Grunnpættir menntunar

Með nýrri aðalnámskrá leikskóla frá árinu 2011 eru námssvið leikskólans: *Læsi og samskipti, heilbrigði og velliðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning*. Ný skólastefna sveitarfélagsins tekur mið af grunnpáttunum með sérstaka áherslu á sköpun, sjálfbærni og heilbrigði og velferð. Þróun starfshátta í leikskóladeild tekur mið af stefnu sveitarfélagsins. Skólastefnu- na í heild sinni má finna á heimasíðu.

Í vetur mun skólanámskráin sem og handbókin verða endurmetin í samræmi við sameiningu leik- og grunnskóla og nýja skólastefnu sveitarfélagsins, en handbókin og heimasíðan virka sem skólanámskrá fyrir leikskóladeildina Sólvelli.

Leikurinn í leikskólafarfinu

Leikurinn er ein mikilvægasta og eðlilegasta náms- og þroskaleið barnsins. Í leiknum felst mikið sjálfsnám. Barnið fær útrás fyrir reynslu sína og rifjar upp það sem það hefur séð, heyrt og upplifað. Sjálfsprottinn leikur er skapandi og barnið stjórnar honum sjálft.

Í sjálfsprottnum leik er barnið ræður barnið sér sjálft. Það er stjórnandi og skapar leikinn úr eigin upplifunum og hugarheimi.

Barnið æfir að taka ákvarðanir og leysa úr vandamálum sem koma upp í leiknum. Það er einbeitt, það gleymir stund og stað.

Barnið er upptekið af augnablikinu, ferlið sjálft skiptir máli.

Barnið er setur sjálft leikreglurnar eða skapar reglurnar í samráði við leikfélagana.

Í leik lærir barnið samskiptareglur. Það fær tækifæri til að takast á við verkefni sem reyna á færni þess, bæði andlega og líkamlega. Hafa skal hugfast að skipulag og umhverfi hefur áhrif á leik barna. Það getur stutt við hann eða verkað hamlandi. Börnin þurfa fjölbreytilegan leikfangakost og góðan tíma í dagskipulagi leikskólans fyrir leikinn.



Morgunmatur

Morgunmatur er borinn fram kl. 08.15 á morgnana og lýkur kl. 08.45. Boðið er upp á hafragraut, lýsi og nýmjólk. Eftir morgunmat eða um miðjan morgun er boðið upp á ávaxtastund.

Hádegismatur

Álfhóll og Vinaminni borða hádegismat kl. 11, en Dvergasteinn kl. 11.30.

Matseðlar í skólamötuneytinu eru unnir samkvæmt leiðbeiningum Lýðheilsustöðvar og er t.d. áhersla á að bjóða upp á grænmeti og ávöxt með hverri máltíð, fiskmáltíðir eru tvisvar í viku og drykkir eru eingöngu mjólk og vatn. Matseðlar eru endurskoðaðir á tíu vikna fresti og þá má finna á heimasíðu skólans.

Vistunarsamningur og vistunartími

Foreldrar skrifa undir vistunarsamning þegar barn byrjar í leikskóladeildinni. Í dvalarsamningi er tilgreindur sá tími sem barnið dvelur á leikskóladeildinni. Mögulegur vistunartími er frá kl. 7:45-16:15 og dvalartími er því innan þess tímaramma.

Reynt er að koma til móts við þarfir foreldra hvað dvalartíma varðar að því marki að það komi ekki niður á starfinu eða börnunum. Foreldrar eru minntir á að virða þann tíma þar sem vinnutími starfsmanna er skipulagður með tilliti til dvalarsamninganna. Foreldrar eru beðnir um að segja upp plássi eða breyta á vistunartíma barns skriflega fyrir 20. hvers mánaðar. Breyting á vistun tekur þá gildi 1. næsta mánaðar. Að öðrum kosti greiðist næsti mánuður eins.

Vinsamlega sakið um leikskólapláss og breytingar hjá aðstoðarleikskólastjóra á heimsíðu skólans: <https://seydisfjardarskoli.sfk.is/>

Aðlögun nýrra barna

Upphaf leikskólagöngu er ný reynsla fyrir barn og foreldra þess. Þar sem allt er ókunnugt og framandi, er mikilvægt að vel sé staðið að aðlöguninni svo barnið öðlist öryggi og fái jákvæða mynd af leikskólanum. Barnið þarf tíma til að skoða sig um og kynnst nýju umhverfi, börnum og starfsfólki.

Aðlögunartími barns er einstaklingsbundinn. Fyrstu heimsóknir barnsins eru stuttar en lengjast svo smám saman þar til fullum dvalartíma er náð.

Svefn og hvíld

Eftir hádegisverðinn er næðisstund í allt að klukkustund þar sem börnin eiga kyrrláta stund, hlusta á sögu eða tónlist. Yngri börnin sofa eftir því sem þörf þeirra segir til um og í nánú samstarfi við foreldrana. Svefnþörf barna er misjafnlega mikil og þarf að taka tillit til þess hvað varðar lengd hvíldarinnar. Á eldri deildum er hægt að koma því við að börnin sofni líka ef foreldrar óska.

Veikindi

Veikindi nemenda ber forráðamönnum að tilkynna eins fljótt og tök eru á. Verði nemandi veikur á skólatíma er hringt og foreldrar beðnir um að sækja barnið. Reynt er að mæta óskum foreldra um inniveru barna eftir veikindi eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni. Börnin fá þá að vera í inniveru í einn dag eftir veikindin. Veik börn og börn sem gætu smitað ættu ekki að koma í leikskólann fyrr en þau hafa náð góðri heilsu.

Leyfi/fjarvera

Vinsamlegast tilkynnið fjarveru barnsins í skólann, til viðkomandi deildar eða á Mentor. Fjarveru barna sem eru í hádegismat þarf að tilkynna snemma á morgnana.

Lyfjagjafir barna í skólanum

Lyfjagjafir eru ekki æskilegar í leikskóladeildinni, nema í sérstökum tilfellum, s.s. Astmalyf og eru ávallt í samráði við foreldra.

Óveður

Starfsfólk skólans mætir til vinnu hvernig sem viðrar nema Almannaþingarnefnd hafi mælt til þess að fólk sé ekki á ferli. Telji foreldrar veður viðsjált, halda þeir börnum sínum heima og tilkynna það til skólans.

II. Um námið

Markmið leikskólastarfs

Í 2. gr. laga um leikskóla frá 2008 segir að meginmarkmið leikskólans sé að hafa velferð og hag barna að leiðarljósi. Veita skuli börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Námið fari fram í leik og skapandi starfi. Starfshættir leikskóla skulu mótað af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

- Fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra.
- Veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku.
- Hlúa að börnunum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins, svo að börnin fái notið bernsku sinnar.
- Stuðla að viðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra.
- Leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífældri þróun.

Rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. Að styrkja sjálfmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta

Stefna leikskóladeildar

Í leikskóladeilda er starfað eftir hugsmíðahyggju. Lögð er áhersla á virkni barnsins í eigin þekkingarleit og mikilvægi þess að kennarar nýti áhugahvöt barnsins hverju sinni. Kennsluáðferðir hugsmíðahyggjunnar byggja á því að barnið fái við raunveruleg verkefni, fái tíma til að rannsaka umhverfið sitt, nýta frumkvæði og prófa eigin hugmyndir. Stefnan leggur mikla áherslu á að í leikskólanum sé ávallt notalegt andrúmsloft þannig að barninu líði vel. Áhersla er lögð á sjálfræði þannig að börnin séu sjálfstæð, vakandi og noti sjálfstæði sitt til að framfylgja forvitni sinni og hafi sjálfstraust til þess að leysa vandamál og segja hug sinn. Námsumhverfi í anda hugsmíðahyggju stuðlar að virkri uppbyggingu þekkingar hjá hverju barni.

Leikskóladeildin vinnur eftir skólastefnu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Áhersluatriðið leikskólastarfsins eru umhverfisvernd og útikennsla er stór partur af starfinu. Lögð er áhersla á skapandi hugsun í öllu starfi og heilsuefning, en leikskóladeild Seyðisfjarðarskóla er hluti af verkefninu Heilsuefningu Leikskóla. Þema leikskóladeildarinnar í vetur er lífleikni sem fléttar í gegnum alla þætti skólastarfsins hvern dag.

Mikilvægar dagsetningar!

Leikskóladeildin lokar fimm daga á ári vegna símenntunar, skipulagsvinnu og mats á skólastarfinu.

Vetrarfrí leikskóladeildar er á sama tíma og grunnskóladeildar.

Skipulags- og símenntunardagar verða eftirfarandi á komandi vetri, með fyrirvara um óvæntar breytingar.

- 1. ág. hálfur skipulagsdagur fyrir hádegi.
- 14. sept. Haustiþing leikskóla á Austurlandi
- 24. okt. Skipulagsdagur
- 25. okt. Skipulagsdagur
- 26. okt. Skipulagsdagur
- 15. maí. hálfur skipulagsdagur eftir hádegi.

Vetrarleyfi verða sem hér segir: 1. og 4. mars 2019.

Skóladagatal er hægt að sjá á heimasíðu Seyðisfjarðarskóla
<https://seydisfjardarskoli.sfk.is/>



Fatnaður barnanna

Nauðsynlegt er að börnin hafi með sér viðeigandi klæðnað á degi hverjum og miðast við veðurfar hverju sinni. Áhersla er lögð á að börnin geti tekið þátt í öllu starfi bæði úti og inni. Mikilvægt er að börnin séu með aukafatnað ef óhöpp verða. Einnig er gott að merkja fatnað barnanna til að koma í veg fyrir að fatnaður ruglist saman við fatnað annarra barna. Aukafatnaður er geymdur í plastboxum í hólum barna í fataklefa. Leiðbeinandi gátlisti er á plastboxum um hvaða aukafatnað er heppilegt að koma með. Foreldrar þurfa reglulega að yfirfara aukafatnað barna sinna. Á föstudögum eiga foreldrar að tæma fatahólf barna sinna í fataklefanum.



Starfsdagar/sumarleyfi

Starfsdagar starfsfólks eru fimm á ári, þá er leikskóladeildin lokuð allan daginn. Stundum er skipulagsdögum skipt upp og þá eru teknir tveir hálfir dagar. Látið er vita með minnst tveggja vikna fyrirvara hvenær þessir dagar eru.

Sumarleyfi er ákveðið í ársbyrjun. Yfirleitt stendur sumarleyfi í 4 vikur á sumri. Foreldrar geta sótt um lengra sumarleyfi gjaldfrítt. Þá þarf það að vera tekið annaðhvort í samfellu fyrir sumarlokun eða eftir sumaropnun. Hægt er að sækja um það á sérstökum eyðublöðum hjá aðstoðarskólastjóra/deildarstjóra.

Leikskóladeildin tekur haust- og vetrarfrí á sama tíma og grunnskóladeildin, þrjá daga alls á vetri.

Veikist barn eða slasist í skólanum eru foreldrar strax látnir vita svo þeir geti gótt barnið sem fyrst. Slasist barn í skólanum greiðir skólinn komugjald á heilsugæslustöð.

Hefðir og siðir

Afmæli nemenda

Í leikskóladeild gleðjast allir með afmælisbarni hverju sinni og er afmælisbarnið í brennidepli á afmælisdaginn. Nemendur og kennarar fagna með afmælisbarninu og er ekki gert ráð fyrir að foreldrar mæti með veitingar í tilefni afmælisdagsins. Í nónhressingu býður barnið upp á fallega ávaxtaskál/bakka, það fær að hafa kórónu og skikkju, það er flaggað og afmælissöngurinn sunginn.

Dagar myrkurs

Dagar myrkurs eru venjulega eftir miðjan nóvember. Þá leikum við með ljós og skugga og tengjum þennan dag við dag íslenskrar tungu.

Sparifatadagur

Í tilefni af lýðveldisdeginum 1. des. er haldinn sparifatadagur í leikskóladeildinni.

Jólasveinaútgæði á aðfangadag

Í desember taka foreldrar leikskólabarna að sér að aðstoða jólasveinana við jólapakkaútburð. Þökkum er komið í skólann viku fyrir jól og á aðfangadag er þeim síðan komið á réttan stað, fyrir lítið gjald.

Kakóferð

Í desember fara nemendur og kennarar saman í kakóferð á kaffihús og drekka í sig jólastemninguna með kakó, jólakökum og jólasöngvum.

Öskudagurinn

Öskudagsball er haldið á öskudaginn. Nemendur og starfsfólk grímuklæðast, kötturinn er sleginn úr kassanum og dansað og sungið.

Litlu jólin

Litlu jólin eru haldin hátíðleg. Nemendur og starfsfólk eiga saman góðan dag, syngja og dansa í kringum jólatré, hlusta á jólasögu o.fl. Jólasveinar koma í heimsókn og færa börnunum glaðning. Í hádeginu er borðaður jólamatur.

Útskriftarferð elstu nemenda

Útskriftarferð er farin á hverju vori. Kennarar fara með börnunum upp í Hérað í rútu. Þar er leikskóli heimsóttur, Byggðasafn Austurlands skoðað, leikið í Selskóg og grillað saman.

Sólvallahátíð

Fyrir sumarfrí ár hvert eru elstu nemendur útskrifaðir við hátíðlega athöfn við Seyðisfjörðarkirkju. Að athögn lokinni er haldin Sólvallahátíð með grillveislu og skemmtun í boði foreldrafélags leikskóladeildar.

